<p>Þetta er spegilmynd af nr. 89 við Flúðasel, sjá lýsingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 14,00 m., Kj. 2,80</td> <td rowspan="2" style="font-size: 3em; vertical-align: middle;">}</td> <td rowspan="2" style="vertical-align: middle;">= 3.176 m<sup>3</sup></td> </tr> <tr> <td>L 16,00 m., Br. 13,50 m., H. 11,80</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. <u>73.445.000.-</u></p>	L 16,00 m., Br. 14,00 m., Kj. 2,80	}	= 3.176 m <sup>3</sup>	L 16,00 m., Br. 13,50 m., H. 11,80	
L 16,00 m., Br. 14,00 m., Kj. 2,80	}			= 3.176 m <sup>3</sup>	
L 16,00 m., Br. 13,50 m., H. 11,80					



Gata og númer: Flúðasel 92

Möt framkvæmd: 6.sept. 1977	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhúðað utan. Aluminium þak. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar eru 2 forstofur, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir, tvöfalt gler í gluggum. Harðviðar hurðir. 2 þvottaherbergi og 2 búr.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 2 forstofur, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypiböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Tvöfalt gler í gluggum. Harðviðar hurðir. Máluð gólf. 2 þvottaherbergi og 2 búr.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, 13 geymslur. Allt málað. V.s. og handlaug. Stærð hússins:</p> <p style="padding-left: 40px;">L 16,00 m., Br. 14,00 m., H. 8,55 m., Ris 1,20 m., Kj. 2,7 m. = 2.654 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p style="text-align: right;">61.374.000.-</p>



Gata og númer: Flúðasel 93.

Möt framkvæmd: 26.5. 1978.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er 3.hæðir og kjallari er steinsteypt, einangrað með plasti, slétthúsað og er bárujárn á þaki. Hitaveita. 1.hæð: Þar er anddyri, 8.íbúðarherbergi, 2.eldhús og borðkrókar. Þar eru 2.salerni með 2.kerlaugum, 2.steypum, 2.v.s. og 2.handlaugum. Svalir eru 2. Þvottahús er með báðum íbúðunum. Veggir og gólf eru máluð. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðahurðir og innbyggðir skápar. Dúkur er einnig á gólfum.</p> <p>2.hæð: Eins og 1.hæð.</p> <p>3.hæð: Þar eru 4.íbúðarherbergi, 2.eldhús og borðkrókar. Salerni eru 2. með 2.kerlaugum, 2.steypum, 2.v.s. og 2.handlaugum. Í risi eru tvö sjónvarpsherbergi. Veggir og gólf eru máluð, og er einnig veggfóður og klæðning á veggjum. Tvöfalt gler er í gluggum innbyggðir skápar og harðviðarhurðir.</p> <p>Kjallari: Þar er sameiginlegt þvottahús, 6.gymslur og 2.ósamb. íbúðir í kjallara. Einnig er þar sorpgeymsla.</p> <p>L. 16.00 m, Br. 14.00 m, H. 11.20 m, Kj. 2.7 m. = 2509 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....</p>	<p>78.328.000.-</p>



Gata og númer: Flúðasel 94

Möt framkvæmd: 7. okt. 1977	Metið kr.
<p>Nýttíbúðarhús. Húsið er spegilmynd af nr. 92 við Flúðasel.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 16,00 m., Br. 14,00 m., H. 8,55 m., Ris 1,20 m., Kj. 2,70 m.  = 2.654 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p><u>61.374.000.-</u></p>



Gata og númer: Flúðasel 95

Möt framkvæmd: 4.okt. 1978	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið er eins og nr. 93, spegilmynd af því.  Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 14,00 m., H. 11.20 m., Kj. 2.70 m.=2509 m<sup>3</sup>  Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p>78.328.000.-</p>



Gata og númer:

Flugvallarvegur Loftleiðir h.f. skrifstofuhús.

Möt framkvæmd: 30/9/1964. 30/6/1966	Metið kr.
<p><u>Virt: 30/9/1964.</u></p> <p>Nýtt skrifstofuhús, 3 hæðir og kjallari. Byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, skétthúðað og málað að utan einnig klætt asbesti Þakið er steyp og asfalt. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er anddyri, 2 stigahús og 1 herbergi, símavarzla m/tekk klæðningu allt málað, marmari er á gólfum, dúkur á stiga upp úr. Að öðru leiti er hæðin ófrágengin og óráðstafað.</p> <p>2. hæð: Þar eru 2 stigahús, 2 gangar, 13 skrifstofuherbergi, 2 snyrtiherbergi f. karla og konur m/tilheryandi. 1 fataherbergi 1 geymsla kaffistofa og eldhús Skrifstofur eru málaðar að hluta og teak þiljur í 2 m. hæð. Gólf eru máluð Snyrtiherbergi flísal. í hólf og gólf. Fataherbergi er dúklegt og málað. Geymsla, eldhús og kaffistofa máluð og duklögð. Í gluggum er tvöfalt gler og í hurðum harðviður.</p> <p>3. hæð: Þar er u 2 stigahús, gangur, 19 skrifstofuherbergi 2 snyrtih. m/tilheyrandi og 1 vísir og handlaug, 1 fataherberoi, 1 eldhús. Sami frágangur er á þessari hæð eins og á 2. hæð. nema eldhús og skrifstofuherberoi í n.v. enda hússins er palexandr þiljur á veggjum og hljóðeinangruð og máluð loft einnig gólf máluð. 1 <del>skja</del> skjalageymsla. Dúkur er á gólfi í s.a. enda.</p> <p>Kjallari: Þar er stigahús, 3 geymslur, og ein eldtraust geymsla. 1 kennsluherbergi flugmanna og kennarstofa þetta er lokið við. Gólf eru ýmist máluð erða dúklögð. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Að öðru leyti er kjallarinn ófrágenginn</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 60.3 m., br. 12.5 m., h. 10.2 m., kj. 3.2 m. = 10.100 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 30.300.000.-</p>	
<p><u>Virt 30/6/1966</u></p> <p>Frá síðasta mati 30/9/1964, hefur verið lokið við það sem ófallgert var af smíði hússins.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 60.3 m., br. 12.5.m., h. 10.2 m., kj. 3.2 m. = 10.100.00 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 50500.000.-</p>	
<p><u>Virt 28/3 1977.</u></p> <p>Byggt úr steinsteypu, einangrun plast, slétthúðað, málað, þak steyp.</p> <p>3. hæðir.</p> <p>1. hæð: Skrifstofur, snyrting, kaffistofa. Málað, dúklegt að hluta. Tvöfalt gler í gluggum, harðviðarhurðir, skilveggir úr gífspl. og veggfóður ásamt léttum skilveggjum úr glerull.</p> <p>2. hæð: Eins og 1. hæð.</p> <p>3. hæð: Eins og 1. hæð.</p> <p>B. Stærið: L.68,20 m., br. 12,50 m., h. 10,2 m., ) L. 9,40 m., br. 11,70 m., h. 9,5 m., )</p> <p>9,741 m<sup>3</sup> Kr. 432.335.000</p>	



Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

227

Möt framkvæmd: (21/4/1947.)(10/12/1947.) 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Bilaviðgerðar-og efnisgeymslubraggar úr járnbogagrind, klæddur járn á steinsteyptum grunni.</p> <p>Stærð: L. 29.0 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m. bogapak.</p> <p>" L. 29.0 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m. - " -</p> <p>Braggar þessir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....</p>	34.800.-
<hr/>	
<p>10/12/1947.</p> <p>Húsið er breytt frá síðast a mati 21. apríl 1947. Önnur skemman hefir öll verið þiljuð innan með trétexi og þar afþiljuð með trétexi 2 herbergi. Hin skemman hefir verið þiljuð innan að hálfu og þar einnig afþiljuð 2 herbergi. Auk þess hefir verið bætt við hluta af skemmu, sem eingöngu er úr járn og notuð fyrir smiðju.</p> <p>Stærðir : L 29.0 m., br. 10.0 m., h. 4.0 m., bogapak.</p> <p>" : L 29.0 m., br. 10.0 m., h. 4.0 m., bogapak.</p> <p>" : L 5.0 m., br. 5.0 m., h. 2.4 m., bogapak.</p> <p>Skemmur þessar, ásamt tilheyrandi, eru virtar á.....</p>	59.800.-
<hr/>	
<p><u>Virt 10/3/1952.</u></p> <p>Vélaverkstæði, síðast metið 10. desember 1947, 1 hæð með bogapakí, grind úr stáli, klædd utan Robertsonjární, klætt innan texti og pappa og með bárujárnspaki. Þar er afþiljuð geymsla með timbri og texti. Steinsteipt gólf.</p> <p>Stærð hússins: L 27.75 br. 10.8 mh. 4.0 = 1.198.0 m<sup>3</sup></p> <p>Verkstæðið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	179.800.00
<hr/>	
<p>Virt 7/10 1977.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....</p>	kr. 17.970.000



Gata og númer:

Flugvöllurinn 22B

Möt framkvæmd: (10/3/1952.) 31/5 1954	Metið kr.
<p>Geymsla, 1 hæð með bogabaki, grind úr stáli járnklædd, steinsteypu-gólf, bárujárn á þaki. Klefi í einu horninu fyrir olfumiðstöð.</p> <p>Stærð hússins: L 27.75 br. 10.8 mh. 4.0 = 1.198,80 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>119.900.00 ✓</p>
<p>Óbreytt að stærð frá síðasta mati 10. marz 1952, en hefir nú verið tex-klætt innan, hólfað í sundur og sett timburloft í það og nú notað fyrir bíla- verkstæði, en á loftinu er vörugeymsla.</p> <p>Bílaverkstæði : L. 27.75 m. Br. 10.8 m. M.h. 4.0 m. = 1198.8 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á ,..... kr. 276.000.00</p> <p>Kr. 276.000.00</p>	<p>276.000.00</p> <p>276.000.00</p>
<p>Virt 7/10 1977.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr 16.786.000</p>	<p>16.786.000</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 22 E

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Kaffistofa og geymsla m/m, 1 hæð og smáris, byggð úr timbri, járnvarin á veggjum, klædd innan timbri og texti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar er kaffistofa, v.s., skrifstofa og fatageymsla, allt með dúklögðu timburgólfi; ennfremur geymsla. Olfukynding frá verkstæði.</p> <p>Stærð hússins: L 9.45 br. 7.3 h. 2.5 ris 0.6 = 193.14 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>67.600.00 ✓</p>
<p>Virt 7/10 1977.</p> <p>Klætt með þilplötum, veggduk, og krossvið. Fataskápar úr krossvið og þilplötum.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. 4.825.000</p>	<p>4.825.000</p>



Gata og númer: Flugvallarbraut

Möt framkvæmd: 30. ágúst 1974	Metið kr.
<p>Nýtt dagheimili. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt úr timbri, einangrað með glerull. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1. hæð: Þar er stjórndeild, skrifstofa, eldhús. Aðstaða fyrir starfsfólk. Fataherbergi, vs. með tilheyrandi.</p> <p>Einangrun, leikherbergi. Baðherbergi. Tvöfalt gler í gluggum. Trégólf, einnig dúklögð.</p> <p>Veggir eru málaðir og veggfóðvaðir.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 37,11 m., Br. 7,57 m., H. 2,8 m., Ris 2,0m. = 1068 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p>9.932.000.-</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn III

Möt framkvæmd: 27/12/1950	Metið kr.
<p>Geymsluskúr fyrir 11 bifreiðar, byggður úr timbri, klæddur utan asbesti og með moldargólfu.</p> <p>Stærð hússins: L 27.4 m. br. 9.3 m. h. 2.7 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>41.300.00</u> /</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

Möt framkvæmd: (21/4/1947.) 10/3/1952.	Metid kr.
a. Birgðaskemmur, 2 samstæður, járnbogar, klæddir jární a steinsteyptum grunní. Stærð: L. 29.0 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m. bogapak. " L. 29.0 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m. - " - Birgðaskemmur þessar, ásamt tilheyrandi, eru virtar á.....	34.800.-
b. Afgreiðslubraggi er viðbyggður með timburgólfi, hólfaður í skrifstofuherbergi og afgreiðsluherbergi með timbur- og texklæddum skilveggjum. Stærð: L. 29.0 m. br. 5.0 m. meðalh. 2.5 m. bogapak. Bragginn ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.500.-
Samtals	36.300.-
=====	
<u>Flugvöllurinn 1A. og B, 2A og B.</u>	
Þetta eru 4 geymslur, síðast metnar 21. apríl 1947, 1 hæð hver, með bogapakí, grind úr stáli, klædd bárujární, steinstöplar og steinsteypt gólf. Þök eru úr bárujární; ósundurhólfaðar og óeinangraðar.	
A. Geymsla: L 27.0 br. 11.0 mh. 4.0 = 1.188.0 m <sup>3</sup> Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	83.200.00
B. Geymsla: L 27.0 br. 11.0 mh. 4.0 = 1.188.0 m <sup>3</sup> Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	83.200.00
C. Geymsla: L 27.0 br. 11.0 mh. 4.0 = 1.188.0 m <sup>3</sup> Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	83.200.00
D. Geymsla: L 27.0 br. 11.0 mh. 4.0 = 1.188.0 m <sup>3</sup> Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	83.200.00
Samtals krónur	332.800.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn í Reykjavík.

Möt framkvæmd: (21/4/1947.) 10/3/1952.	Metið kr.
5 flugskýli sérstæð á flugvellinum, úr járnbindingi, klædd járn á veggjum og þaki á steinsteyptum grunni, ósundurhólfuð.	
A. stærð: L. 74.0m. br. 35.0 m. h. 8.0 m. ris 3.5 m.	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	753.700.-
B. stærð: L. 74.0 m. br. 35.0 m. h. 8.0 m. ris 3.5 m.	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	753.700.-
C. stærð: L. 74.0 m. br. 35.0 m. h. 8.0 m. ris 3.5 m.	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	753.700.-
D. stærð: L. 74.0 m. br. 35.0 m. h. 8.0 m. ris 3.5 m.	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	753.700.-
E. stærð: L. 41.6 m. br. 34.3 m. h. 8.0 m. ris 3.5 m.	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	415.300.-
Samtals	3.430.000.-
<hr/>	
<u>Virt 10/3/1952.</u>	
5 flugvélastýli, óbreytt frá síðasta mati 21. apríl 1947.	
A. Flugvélastýli: L 74.0 br. 35.0 h. 8.0 ris 3.5 = 25.382.00 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.538.200.-
B. Flugvélastýli: L 74.0 br. 35.0 h. 8.0 ris 3.5 = 25.382.00 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.538.200.-
C. Flugvélastýli: L 74.0 br. 35.0 h. 8.0 ris 3.5 = 25.382.00 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.538.200.-
D. Flugvélastýli: L 74.0 br. 35.0 h. 8.0 ris 3.5 = 25.382.00 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.538.200.-
E. Flugvélastýli: L 41.6 br. 34.3 h. 8.0 ris 3.5 = 13.983.42 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	1.398.300.-
Samtals krónur	11.551.100.-



Gata og númer: Flugvöllur Flugskýli

Möt framkvæmd: 23/9 1976.

Metið kr.

Breytingar hafa verið gerðar á flugskýlum.

Veigamestu breytingar hafa verið gerðar á skýli No. 4.

Þar hefur verið sett ný grind og einangrað og einnig klætt að utan

Nýr ljósabúnaður og sett hefur verið hitaveita í skýlið.

Á skýli no. 3 hafa verið gerðar endurbætur á hurðum og klæðningu.

Hurðir eru einangraðar.

Endurskoðað matið á skýlum 1 og 2.

1. B. L. 74.00 m., Br. 35.00 m., H. 8.00 m., Ris. 3.50 m. = 25.382 m <sup>3</sup>	139.600.000.-
3. C. L. 74.00 m., Br. 35.00 m., H. 8.00 m., Ris. 3.50 m. = 25.382 m <sup>3</sup>	142.000.000.-
4. D. L. 74.00 m., Br. 35.00 m., H. 8.00m., Ris. 3.50 m. = 25.382 m <sup>3</sup>	198.000.000.-
2. E. L. 41.6 m., Br. 34.3 m., H. 8.00m., Ris. 3.50 m. = 13.841 m <sup>3</sup>	83.600.000.-

Skýlin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....kr. 563.200.000.-



Gata og númer: Hús Flugmálastjórnarinnar á Flugvellingum í Reykjavík.

Möt framkvæmd: 20/5 1955	Metið kr.
<p>Nýtt flugskýli nr. 7, 1 hæð og ris, byggt úr bárujárni á stálgrind og með bárujárnsbogapaki, steingólf og steinsökkjar, engin upphitun, ósundurhólfað.</p> <p>Stærð hússins : L. 23.75 m. Br. 22.0 m. H. 5.0 m. ris 2.5 m. = 3.257.10 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 749.100.00</p>	<p>749.100.00</p>



## Flugvöllurinn

Gata og númer:

S h e l l v e g u r. (Flugfélag Íslands h.f.)

Möt framkvæmd: (1/12/1943.) (10/3/1952.) 15/12/1957.	Metið kr.
<p>a. Flugvélastýli, úr steinsteypu, með járnþaki áþappa og borðasúð. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Húsið skiptist í flugvélageymslu og viðgerðarvinnuherbergi.</p> <p>Stærð: L. 15.2 m. br. 16.9 m. h. 4.5 m. ris 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	93.150.-
<p>b. Viðbygging, úr járnbindingi, klædd utan með bárujárnri ábogamynduðum hliðum og þaki og asbestþiljum á stöfnum. Húsið er þiljað innan með trétex og afþiljað og er í því lítið herbergi og v.s. Í því er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 14.5 m. br. 26.5 m. h. í mæni 6.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	62.440.-
Samtals	155.590.-
<hr/>	
<u>Virt 10/3/1952.</u>	
Flugvélastýli óbreytt frá síðasta mati 1. desember 1943.	
A. Flugvélastýli : L 15.2 br. 16.9 h. 4.5 ris 2.5 = 1464.22 m <sup>3</sup>	
Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	263.600.00
B. Flugvélastýli, viðb.: L 14.5 br. 26.5 hæð í mæni 6.0 = 1537.00 m <sup>3</sup>	
Viðbyggingarskýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	184.400.00
Samtals krónur	448.000.00
<hr/>	
<u>Virt 15/12. 1957.</u>	
Frá síðasta mati 10/3. 1952 er húsið óbreytt að stærðum, en óskast endurmetið til lækkunar vegna fyrningar.	
Stærð skýlisins:	
A: L. 15.2 m., Br. 16.9 m., H. 4.5 m., Ris 2.5 m = 1.464.22 m <sup>3</sup> .	Metið á kr. ... 263.600.-
B: " 14.5 m., " 26.5 m., " 6.0 m., = 1.537.00 m <sup>3</sup> .	Metið á kr. ... 230.600.-
Alls kr.	494.200.-



## Flugvöllurinn 7A

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>.Geymsla, 1 hæð með bogapaki, grindin úr stáli, járnklæðning og steinsteypt gólf, járnþak, ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð hússins: L 20.9 br. 7.4 mh. 3.0 = 464.28 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>32.500.00 ✓</p>
<p>Virt 24/10 1977.</p> <p>Óskast endurmetið í samræmi við verðhákkanir.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr. 6.032.000</p>	<p>6.032.000</p>



Gata og númer: Flugvöllurinn (flugskýli Nr. 8)

Möt framkvæmd: 22.sept. 1976	Metið kr.
<p>Nýtt flugskýli, byggt úr stálgrind á steinsteiptum grunni, einangrað með vikri og plasti. Klætt utan með bárujárni og málað. Hitaveita. Skemma, innréttuð 2 herbergi fyrir varqhlutageymslu og tækjageymsla. Allt einangrað í hólf og gólf.</p> <p>Stærð skýlisins: L 16,20 m., Br. 16,50 m., H. 5,50 m., Ris 2,30 m.  = 1.778 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.</p>	<p>26.670.000.-</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 8A

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>5-bíla geymsla, 1 hæð með skúrþaki, byggð úr steinsteypu og með þaki úr timbri, texti og bárujárni, steinsteyppt gólf ósundurhólfuð.  Stærð hússins: L 21.0 br. 7.6 mh. 3.0 = 478.50 m<sup>3</sup>  Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>47.900.00</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 11A

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Trésmíðahús, 1 hæð með bogapaki, grindin úr stáli klædd Robertson-járni, steinsteypt gólf, þak úr bárujárn. Þar eru 5 geymsluherbergi afstúkuð í einu horninu; ennfremur kaffistofa, skrifstofa og v.s., skilrúm úr texti og texklætt. Kolaofn.

Stærð hússins: L 27.8 br. 9.8 mh. 4.0 = 1089.76 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

337.800.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 11B

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Geymsla, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli klæddu Robertsonjárni, steinsteypt gólf, ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð hússins: L 27.8 br. 9.8 mh. 4.0 = 1089.76 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>130.800.00 ✓</p>



## Flugvöllurinn 13

Gata og númer:

<i>Möt framkvæmd:</i> 10/3/1952.	<i>Metið kr.</i>
<p>Spennistöð, 1 hæð, byggð úr steinsteypu.</p> <p>Stærð hússins: L 3.3 br. 3.3 h. 2.6 = 28.31 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>7.100.00 ✓</p>



Gata og númer:

F l u g v ö l l u r i n n 16

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Vélageymsla, 1 hæð með bogabaki, grind úr stáli, járnklædd, járn-  
 þak, steingólf, ósundurhólfuð, gaflar úr steinsteypu.

Stærð hússins: L 28.0 br. 26.6 mh. 4.0 = 2979.20 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 566.000.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn 18

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Flugturn m/m, síðast metinn 21. apríl 1947, 4 hæðir, byggðar úr steinsteypu, texklæddur innan og með flötu steinsteyptu þaki. Á I. hæð er slökkvivarðstofa, spennistöð fyrir turn og hjálparmótor og geymsla. Á II. hæð eru 3 veðurstofur, veðurspárklefi, klefi fyrir sjálfritara, v.s. m/handlaug, allt einangrað með texti, pappa og vikri í turninum, málað og dúklagt. Á III. hæð er skrifstofa fyrir turninn, herbergi flugumferðarstjóra og radiosendiherbergi. Á IV. hæð eru 3 herbergi flugumferðarstjórnar með glerskilrúmum í milli, máluð og dúklögð. Á þakhæð eru 2 herbergi og forstofa, máluð og dúklögð.

Stærð turnsins	: L 8.4 br. 6.3 h. 11.4 flatt þak	=	603.28 m <sup>3</sup>
" útskots	: L 2.4 br. 3.5 mh. 5.5	=	46.20 m <sup>3</sup>
" viðbyggingar:	L 5.1 br. 8.0 " 8.5	=	346.80 m <sup>3</sup>
			<u>996.28 m<sup>3</sup></u>

Turninn, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virtur á.....

518.100.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 19 A

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 10. desember 1947, en þá var hús  
þetta á brnr. 3513.

Stærð hússins; L 29.4 br. 11.0 mh. 4.0 = 1293.6 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 207.000.00 y



Gata og númer:

Flugvöllurinn 21

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Geymsla, 1 hæð með bogabaki, grind úr stáli, klædd venjulegu jární steingólf og bárujárnsþak.

Stærð hússins: L 11.2 br. 5.15 mh. 2.5 = 144.20 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

17.300.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 22 C

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Geymsla, 1 hæð með bogapaki byggð úr bognu stáljární boltuðu saman  
1 cm. þykku, malargólf. Brnr. 5852.

Stærð hússins: L 15.4 br. 7.6 mh. 2.5 = 292.6 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

58.500.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn 22 F

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Jarðftugeymsla, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli, járnklædd, steinstöplar, bárujárnsþak, moldargólf, ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð hússins: L 14.9 br. 6.7 mh. 2.5 = 249.58 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>25.000.00✓</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 22 G

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metid kr.

Geymsla, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli, járnlædd utan, tex-  
klædd innan og með bárujárnsþaki.

Stærð hússins: L 11.2 br. 5.2 mh. 2.5 = 145.60 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

17.500.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 25

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Vararafstöð, 1 hæð með bogapaki, gaflar og önnur hlið steinsteypt, hitt stál og járn, texklædd innan, bárujárnsþak, hólfuð í þrennt með skilrúmmum ýmist úr steini eða timbri og texti.

Stærð hússins: L 35.7 br. 8.0 mh. 2.8 = 799.68 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

183.900.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn 28

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Spennistöð, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli, járnklædd á veggjum og þaki, texklædd innan, steingólf.</p> <p>Stærð hússins: L 8.0 br. 5.0 mh. 2.5 = 100.0 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.000.00 ✓</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 29

<i>Möt framkvæmd:</i> 10/3/1952.	<i>Metið kr.</i>
<p>Tengistöð, 1 hæð með bogapaki, grind úr stáli, járnklædd á veggjum og þaki, texklædd innan, steinsteypugólf.</p> <p>Stærð hússins: L 4.3 br. 5.0 mh. 2.5 = 53.75 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>6.500.00 /</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 31

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Spennistöð, 1 hæð með skúrþaki, byggð úr steinsteypu og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.

Stærð hússins: L 3.3 br. 3.3 h. 2.6 skáþak = 28.31 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

7.100.00 /



Gata og númer:

Flugvöllurinn 36

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Flugskóli, áður brnr. 3824, óbreyttur frá síðasta mati 10. desember 1947.

Flugskóli : L 7.5 br. 7.0 h. 3.0 ris 1.5 = 199.50 m<sup>3</sup>

Viðbygging: L 3.3 br. 7.5 h. 2.8 skáþak = 69.30 m<sup>3</sup>

268.80 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

94.100.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn 37

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Spennistöð, 1 hæð og smáris, byggð úr timbri, með moldargólfi og þaki úr timbri, pappa og járni, pappa á veggjum.

Stærð hússins: L 6.4 br. 3.6 h. 2.6 ris 0.8 = 69.12 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

6.900.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 46

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Gufubaðshús, 1 hæð og ris, byggt úr steinsteypu, kústað og bikað innan, síðan grind klædd texti, tvöföldum pappa og svo vexil og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Hæðin er panelklædd innan og terrassó á gólfum, 1 gufuofn og olfukynt miðstöð. Þar eru 4 hvíluklefar og er í þeim tvöfalt gólf úr timbri og korki. Sólskýli með sama frágangi, krossviður í öllum loftum, blokkler í 4 skilrúmunum. Þakhæðin er texklædd innan, en ósundurhólfuð.

Stærð hússins	: L 12.0 br. 5.6 h. 3.0 ris 1.8	= 262.08 m <sup>3</sup>
" útskots	: L 4.7 br. 2.9 h. 3.0 skáþak	= 40.89 m <sup>3</sup>
" inng.skúrs:	L 1.3 br. 2.2 h. 2.6 skáþak	= 7.44 m <sup>3</sup>
		<u>310.41 m<sup>3</sup></u>

Húsið, ásamt útskoti, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

186.200.00



Gata og númer: Flugvöllurinn í Reykjavík Hótel Winston.

Möt framkvæmd (21/4/1947.) (10/12/1947.) 12/12/1951.	Metið kr.
<p>Hótel Winston: Grunnur steinsteyptur, að öðru leyti byggt eins og venju- legir íbúðarbraggar, járnklæddir utan á járnbogagrind, klæddir innan með trétexi á veggum og skilrúm og málað, dukar eru á gólfum. Miðstöðvarhitun, raflýsing og vatnsleiðsla. Í húsinu eru allt að 100 íbúðarherbergi, stærri og smærri, auk þess 28 snyrti- og hreinlætisherbergi. Parketgólf er í 2 stórum setustofum. 8 samstæður: Stærð: L. 30.8 m, br. 6.7 m. meðalh. 2.2 m. 2 - " - " L. 20.0 m. br. 9.0 m. meðalh. 2.5 m. 2 - " - " L. 20.0 m. br. 6.5 m. meðalh. 2.5 m. 1 eldhús o.fl. tilh. Stærð: L. 27.5 m. br. 6.7 m. meðalh. 2.5 m. Húsið þessi ásamt tilheyrandi, eru virt á.....</p>	845.100.-
<p>10/12/1947.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. apríl 1947, nema að 4 braggarnir eru steinsteyptir að nokkru leyti og ketilhúsi hefir verið bætt við húsakynnin. 8 samstæður : L 30.8 m., br. 6.7 m., mh. 2.7 m. 2 do : L 20.0 m., br. 9.0 m., mh. 2.8 m., ris 2.4 m. 2 do : L 20.0 m., br. 6.5 m., mh. 2.8 m., ris 2.4 m. Eldhús m/m : L 27.5 m., br. 6.7 m., mh. 2.8 m. Ketilhús : L 15.0 m., br. 7.6 m., h. 3.0 m., ris 2.0 m. Samstæður þessar og hús, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....</p>	1.300.000.-
<p><u>Virt 12/12/1951.</u></p> <p>Húsin hafa frá síðasta mati 10. des. 1947 tekið þeim breytingum, að búið er að rífa innan úr verulegum hluta veitingahússins, þ. e. bröggum þeim, sem gestaherbergi og eldhús voru í ásamt raf- og hitalögnum, svo að eftir standa nú veitingasalir, fordyri og gangur með tilheyrandi lögnum, hreinlætis- herbergjum o. sv. frv.</p> <p>A. 8 braggasamstæður: L 30.8 br. 6.7 mh. 2.7 Skemmurnar allar, ásamt tilheyrandi eru sameiginlega virtar á.....</p> <p>B. 2 braggasamstæður: L 20.0 br. 9.0 h. 2.8 ris 2.4 Skemmurnar báðar, ásamt tilheyrandi, eru sameiginlega virtar á.....</p> <p>C. 2 braggasamstæður: L 20.0 br. 6.5 h. 2.8 ris 2.4 Skemmurnar báðar, ásamt tilheyrandi eru sameiginlega virtar á.....</p> <p>D. Eldhús m/m : L 27.5 br. 6.7 mh. 2.8 Eldhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>E. Ketilhús : L 15.0 br. 7.6 h. 3.0 ris 2.0 Ketilhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	91.400.00 360.000.00 260.000.00 15.500.00 91.200.00
	Samtals krónur 818.100.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 49

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Spennistöð, 1 hæð og ris, byggð úr timbri, pappi á veggjum, bárujárn á þaki, moldargólf, ósundurhólfuð.</p> <p>Stærð hússins: L 6.15 br. 7.3 h. 2.6 ris 0.8 = 134.7 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>13.500.00/</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 51

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Geymsla, 1 hæð og ris, hlaðin úr steini og með þaki úr bárujárni á listum.</p> <p>Stærð hússins: L 9.3 br. 6.25 h. 2.5 ris 1.8 = 197.64 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>39.500.00 ✓</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 52

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Geymsla, 1 hæð og ris, hlaðin úr steini og með járnþaki á lektum,  
ósundurhólfuð.

Stærð hússins: L 14.0 br. 5.5 h. 2.5 ris 1.8 = 261.80 m<sup>3</sup>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

52.400.00 /



Gata og númer:

Flugvöllurinn 57

Möt framkvæmd: 10/3/1952.	Metið kr.
<p>Geymsla, 1 hæð með bogapaki, grindin úr stáli, járnklædd og með járnþaki, en masonitþiljuð innan, hólfuð í tvennt m/masonit. Olíuofn. Stærð hússins: L 12.0 br. 6.4 mh. 2.5 = 192.0 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>28.800.00 ✓</p>



Gata og númer:

Flugvöllurinn 60

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

Verkstæði Svifflugfélags Íslands, 2 hæðir og ris, járnklædd stálgrind, bárujárnsþak, efri hæðin klædd innan masonit og texti. Á neðri hæð eru 3 herbergi, 2 timburþiljuð, steingólf. Skúr úr timbri og járn er áfastur neðri hæð, þar er olfumiðstöð. Á efri hæð eru 7 herbergi, text og masonitklædd og máluð sum, timburgólf.

Stærð hússins	: L 27.5 br. 18.5 h. 4.7	= 2391.13 m <sup>3</sup>
"	efri hæðar: L 27.5 br. 9.0 h. 3.0 ris 1.7 m	= 950.95 m <sup>3</sup>
		<u>3342.08 m<sup>3</sup></u>

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

334.200.00



Gata og númer:

Flugvöllurinn 61A og B

Möt framkvæmd: 10/3/1952.

Metið kr.

2 geymsluskemmur, hvor 1 hæð með bogabaki, stálgrind járnklædd, járnþök, klæddar innan masonit, steingólf.

Stærð hússins	:	L 18.0	br. 6.2	mh. 2.5	=	279.00 m <sup>3</sup>
" inngönguskúrs:		L 4.5	br. 5.5	mh. 2.5	=	61.87 m <sup>3</sup>
" hússins	:	L 18.5	br. 6.2	mh. 2.5	=	286.75 m <sup>3</sup>
" inngönguskúrs:		L 4.5	br. 5.5	mh. 2.5	=	61.87 m <sup>3</sup>
						<u>689.49 m<sup>3</sup></u>

Húsin bæði, ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi, eru virt á.....

82.700.00 ✓



Gata og númer:

Flugvöllurinn, Húsflugfélags Íslands,

Möt framkvæmd: (20/7/1950) 24. apríl 1954 28/2/1966

Metið kr.

Afgreiðslu- og skrifstofuhús, 1 hæð og ris, byggt úr stáli, timbri, asbesti og steini. Stálgrind klædd utan timbri og asbesti, en innan texti og sagstoppi, aðalsalur er úr steinsteypu hliðarnar, en gaflar úr vikursteini, á þaki er asbest og bárujárnr. Þar er stór afgreiðslusalur, pappírslagður, málaður og dúkklagður, öðru megin við hann er timburálmur 2, önnur lengri með 5 skrifstofum og löngum gangi, hin styttri með eldhúsi og 2 geymslum; hinum megin eru timburálmur, önnur lengri með 6 skrifstofum og löngum gangi, en hin styttri með 2 v.s., geymslu og olfumiðstöðvarklefa, skrifstofur og gangar o. fl., ýmist veggfóðrað eða málað og dúkklagt.

Stærð hússins : L 12.0 m. br. 14.0 m. mh. 4.3 m.

" viðbyggingar: L 15.0 m. br. 6.0 m. " 3.0 m.

" do : L 15.0 m. br. 6.0 m. " 3.0 m.

" " : L 5.0 m. br. 4.5 m. " 2.6 m.

" " ; L 5.0 m. br. 4.5 m. " 2.6 m.

Húsið, ásamt öllum viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....

372.400.00

Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 20. júlí 1950, en óskast metið til hækkunar.

Skrifstofuhús : L. 12.0 m. Br. 14.0 m. m.h. 4.3 m.

- do - : L. 15.0 m. Br. 6.0m. m.h. 3.0m.

- do - : L. 5.0 m. Br. 4.5 m. m.h. 2.6m.

- do - : L. 5.0 m. Br. 4.5 m. m.h. 2.6 m. = 1.379.4m<sup>3</sup>

Húsið með viðbyggingunni og tilheyrandi er metið á .....kr. 620.700.00

Kr. 620.700.00

Virt: 28/2/1966

Frá síðasta mati, 24/4/1954, hefur farið fram stækkun er það timbur á stálgrind og þakið úr timbri, pappa og bárujárnsklætt.

1. hæð: þar er afgreiðslusalur, farþegasalur millilandaflugs, útlendingaxólit eftirlit, eldhús, gangur v. s. með tilheyrandi, skrifstofur, snyrting og símaklefi fyrir flugmenn og flugfreyjur og kyndiklefi. Öll skilrúm eru úr timbri, allt málað og dúkklagt.

Stærð hússins:

L. 13.45 m., br. 14.00 m., h. 4.4 m.

L. 15.65 m., br. 7.50 m., h. 3.8 m.

L. 22.80 m., br. 6.20 m., h. 3.0 m.

L. 10.40 m., br. 7.30 m., h. 3.0 m.

L. 7.5 m., br. 3.03 m., h. 2.3 m.

L. 2.70 m., br. 4.20 m., h. 2.3 m.

L. 5.30 m., br. 5.60 m., h. 3.7 m.

L. 15.52 m., br. 6.20 m., h. 3.0 m. .... snú



Gata og númer: frh. Flugvöllurinn, hús Flugfélags Íslands

Möt framkvæmd: 28/2/1966

Metið kr.

L. 5.20 m., br. 4.80 m., h. 2.8 m.

L. 11.20 m., br. 9.40 m., h. 2.9 m.,

L. 3.80 m., br. 1.60 m., h. 2.5 m. = 2.793,00 m<sup>3</sup>.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 4.800.000.-



Gata og númer: Hús flugskólans ÞYTS á REYKJAVIKURFLUGVELLI

Möt framkvæmd: 30/6 1955. 30/4/1969	Metið kr.
<p>Nýtt viðgerðarverkstæði fyrir flugvélar, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, klætt utan bárujárn, en innan gosull og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn. - Á hæðinni er verkstæðissalur múrhúðaður og málaðir veggir, loft klætt aluminium, ennfr. skrifstofa, bensínafgreiðsla, v. s. m/handlaug, gangur og geymsla, allt klætt krossviði, málað og lakkað, steingólf máluð. - Þakhæð óinnréttuð.</p> <p>Stærð hússins : L. 10.0 m. Br. 7.0 m. H. 2.9 m. ris 1.2 m.</p> <p>" útskots : L. 6.4 m. Br. 5.2 m. H. 2.9 m. ris 1.2 m. Alls 361.48 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 180.700.00</p>	
<p>Virt: 30/4/1969.</p> <p>Nýtt verkstæðishús, byggt úr timbri, einangrað með timbri, þakið er timbur, pappi og bárujárn. Upphitun er rafmagn. Húsið er 1 hæð. Skálinn er hólfaður í þrennt.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>B: L. 11.3 m., br. 5.1 m., h. 3.0 m., = 173.00 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 140.000.-</p>	



Gata og númer: Hús flugskólans DYTS á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Möt framkvæmd: 30/6 1955. 30/4/1964.	Metið kr.			
<p>Nýr flugskóli, 1 hæð og ris, byggður úr timbri, klæddur utan, vatnasklæðningu en innan gosull og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 2 kennslustofur, skrifstofa, eldhús, fatageymsla, 2 v. s. m/handlaug og 2 anddyri. Veggir klæddir krossviði, málaðir og lakkaðir, loft texklætt og málað, timburgólf dúklagt. - Þakhæð óinnréttuð.</p> <p>Stærð hússins : L. 10.5 m. Br. 4.3 m. H. 2.9 m. ris 1.0 m.  " viðbygg.: L. 6.3 m. Br. 5.3 m. H. 2.9 m. ris 1.0 m. Alls 267.04 m<sup>3</sup></p> <p>Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . . kr. 136.200.00</p>				
<p><u>Virt: 30/4/1964.</u></p> <p>Eldri hluti hússins er óbreyttur frá síðasta mati 30/6/1955. Viðbygging er við vesturgafli, ein skólastofa. Klætt með krossviði að innan og málað steingólf. Í gæuggum er tvöfalt gler. Við austurgafli hússins er einnig ný viðbygging, notað sem vélaverkstæði, forskallað að innan. Í eðri hluta hússins hefur verið sett tvöfalt gler.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L. 22.00 br. 7.0 h. 3.0 ris 1.2</td> <td rowspan="2">} = 672.00 m<sup>3</sup></td> </tr> <tr> <td>L. 6.4 " 5.1 " 3.0 " 1.2</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á . . . . . kr. 659.000.-</p>	L. 22.00 br. 7.0 h. 3.0 ris 1.2	} = 672.00 m <sup>3</sup>	L. 6.4 " 5.1 " 3.0 " 1.2	
L. 22.00 br. 7.0 h. 3.0 ris 1.2	} = 672.00 m <sup>3</sup>			
L. 6.4 " 5.1 " 3.0 " 1.2				



Gata og númer: Flögvöllurinn, Hótel Loftleiðir.

Möt framkvæmd: 30/6/1966 23/7/1971.	Metið kr.
<p>A. Nýtt veitinga- og gisti hús, 4 hæðir og kjallari. Byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúsað og málað að utan. Hitaveita. Sjá meðfylgjandi lýsingu.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>aðalh. 1-4 L. 66.40 m., br. 18.2 m., h. 14.7 m.,  kj. L. 75.15 m., br. 18.2 m., h. kj. 3.26 m.  sundl. L. 12.80 m., br. 4.8 m., h. 1.25 m.  bakb. L. 35.83 m., br. 6.0 m., h. 4.50 m. kj. 3.26 m.  tengiálma L. 8.66 m., br. 12.10 m. h. 3.5 m.  " 2-3 h. L. 8.66 m., br. 6.1 m., h. 6.3 m. = 24.668 m<sup>3</sup>.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrnadi, er virt á ..... kr. 172.676.000.-</p>	
<p>B.liður: HÓTEL II  Metið 23/7 1971</p> <p>1.hæð: Móttaka gesta, 2 fundarsalir, kaffitería, veggir úr gips, klæddir þiljum. Forsalur, gangur, farþegaafgreiðsla. Viðarklætt eða málað, Framhliðin er timburklædd með aluminium.</p> <p>2.hæð: Þar eru 36 gistiherbergi, með hverju herbergi er vaskur, sturta og bað og skápur. Skilrúm eru gips-klædd og gangar og stigahús er veggfóðrað.</p> <p>3.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>4.hæð: Eins og 2.hæð.</p> <p>Kjallari: 3 kennslustofur, geymslur, V.S. og gangur. Verzlun, rakarastofa. Allt málað og dúklagt. Göng eru út í eldra húsið.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 60.38 m., Br. 16,00 m., H. 14.30 m., Kj. 3,26 m. }  L 4,26 m., Br. 11.63 m., H. 3,50 m., Kj. 3,26 m. } = 19.790 m<sup>3</sup>  L 25.00 m., Br. 8,65 m. Kj. 3,40 m. }  L 16.60 m., Br. 8.65 m., H. 3.20 m. }  L 12.18 m., Br. 8.65 m., H. 10.40 m. }</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. 158.320.000.-</p> <p>Ath. Lyfta er í húsinu, loftræstikerfi.</p> <p>Endurmetið: B liður 27.1. 1973, virt á .....kr. 316.640.000.-</p>	



Lýsing á Hótel Loftleiðir, Reykjavíkflugvelli

Byggingin er steinsteyptur kjallari, stigahús og kjarnar steinsteyptir, burður hússins er byggður upp úr strengjasteypu, loft einnig úr strengjasteypu en þak úr siporex plötum. Útveggir eru úr alumínium aspesti og gleri.

KJALLARI: (Eldhús, búningsherbergi, geymslur, o.fl.)

Allir skilrúmsveggir hlaðnir, og flísalagðir upp í loft m/leirflísum, utan búningsherbergi og geymslur sem eru málaðar. Loft í gangi er niðurfellt og byggt upp úr alumíniumplötum. Gólf eru öll flísalögð með leirflísum.

1. HÆÐ:

- Hótel inngangur ..... Gólf úr marmara. Veggir hlaðnir og að nokkru klæddir með vengi. Dempað loft.
- Skrifstofur við hótelinngang .... Veggirnir eru hlaðnir og úr tré, málaðir. Loft úr þilplötum og málað. Gólf dúklagt.
- Fundarsalur ..... Gólf teppalagt, veggir hlaðnir, klæddir með vengi. Loft klætt með hljóðdeyfiplötum.
- Gangur milli fundarsals og Resident bar (Bar I) ..... Gólf úr marmara. Veggir úr vengi. Dempað loft.
- "Resident bar" (Bar 1) ..... Gólf teppalagt, veggir hlaðnir, strigaklæddir og málaðir.
- Blómasalur (Veitingasalur 1) .... Gólf marmari. Veggir að nokkru íslenzkt grjót og að nokkru veggfóðraðir.
- Sena ..... Byggð upp af vengi.
- Loft ..... Niðurfellt, byggt upp úr furutimbri.
- Aðal Restaurant (Veitingasalur 2) .. Gólf teppalagt, veggir klæddir með vengi, niðurfellt timburloft, veggfóðrað. Sena byggð upp úr vengi.
- Uppþvottur ..... Gólf flísalagt. Veggir flísalagðir (keramik flísar) Dempað loft.
- Caféteria (Matstofa) ..... Gólf marmari, veggir hlaðnir, málaðir og klæddir vengi. Dempað loft.



- Anddyri og forstofa að  
Veitingasal 2. .... Veggir hlaðnir, klæddir með vengi, gólf marmari, dempað loft.
- Fatageymsla ..... Veggir úr timbri, málaðir, gólf flísalagt með vynil. Dempað loft.
- Geymsla inn af fatageymslu ..... Tréveggir, málaðir.
- Fundarsalur í norðurenda ..... Veggur steypdur og málaður, veggur milli gangs og fundarsals úr tré, klæddur með vengi. Gólf teppalagt. Loft, tréloft með hljóðdeyfiplötum.
- Hljóðdeyfiloft ..... Í eftirtöldum sölum er sérstakt hljóðdeyfiloft, byggt upp af furugrind, klætt með tvöföldu eins sentimeters gibsonit: a) Matstofa, b) Veitingasalur 2, c) Sena, d) Veitingasalur 1, e) fundarsalur.
- Salerni fyrir Veitingasali staðsett í kjallara ..... Gólf flísalögð með mosaik, veggir keramik, flísalagðir upp í loft, skilrúm úr harðplasti. Gangur og stigi fyrir framan salerni, teppalagt, málaðir veggir, stigi steypdur með harðviðar handriði.
- Sundlaugardeild í kjallara ..... Inngangur: Gólf marmari. Veggir steypdur og málaðir. Loft dempa-plötur. Salerni eins og salerni við aðalrestaurant.

Gangur inn í sundlaug: Gólf flísalagt (keramik). Veggir úr harðplasti. Timburloft með hljóðdeyfiplötum. Hurðir úr aluminium og gleri.

**KARLAR:**

Búningsherbergi: Gólf keramikflísalagt. Veggir flísalagðir (keramik) upp í loft. Klæðaskápar úr stáli. Steypt loft með hljóðdeyfiplötum.

Hvíldarherbergi: Gólf flísalagt (keramik). Veggir steinsteyptir, málaðir. Loft steyp með hljóðdeyfiplötum.

Sturtuklefi: Gólf og veggir keramik flísalagðir. Loft steyp og málað.

Gufubaðsklefi: Steyptir veggir, klæddir innan með sérstöku timbri fyrir gufubaðsklefa (veggir of loft). Gólf flísalagt með keramik. Rafmagnsgufubaðsofn HELO gerð.

**KONUR:**

Ofangreind lýsing búningsherbergis, hvíldarherbergis, sturtuklefa og gufubaðsklefa á við um kvennadeild.



Sundlaugardeild (framhald) ..... Nuddstofa: (Á teikningu "áhöld"). Gólf og veggir flísalagt með keramikflísum, veggur byggður upp úr alúminium og gleri, stál og aspest loft.

Sundaug: Flísalögð með keramikflísum, steypum eftir sérstakri teikningu. Stálloft með aspest plötum. Veggir steypfir og keramikflísalagðir.

Aðalstigi ..... Burðarbiti, steinsteypur, trétröppur (eik) teppalagðar. Handrið byggt upp úr alúminium og vengi.

Lýsing á standard herbergjum sem eru .....

Eitt hundrað að tölu.

Salerni ..... Veggir hlaðnir upp úr siporex, flísalagðir að innan með keramikflísum upp í loft. Gólf flísalagt með keramik flísum með niðurfalli. Sturtubotn úr potti. Blöndungar fyrir sturtur. Loft niðurfellt með plasthúðuðum vatnspéttum krossvið. Harðviðarhurð.

Gangur inn í herbergi ..... Siporex veggur strigaklæddur og málaður. Harðviðar klæðaskápur. Krossviðarloft, plastklætt. Gólf teppalagt.

Herbergi ..... Gólf teppalagt. Veggir byggðir upp úr timbri. Yzt eru 4 sm. spónlagðar spónaplötur (álm spónn) síðan aspest 6 mm, þá glerull 4 sm, þá trétex 8 mm og síðan spónaplötur 4 cm (álm spónn og lakkáferð). Loft plastklæddar spónaplötur. og lakkáferð

Hurðir fyrir herbergi ..... Tvær harðviðarhurðir. Í gangi inn í hvert herbergi er milliloft byggt upp af tvöföldu 1/2 tommu gibsonit.

-----

Sjö önnur herbergi eru byggð upp eins með baðkeri í stað sturtu og er hvert herbergi helmingi stærra en hvert þeirra 100 sem lýst er hér að framan. Auk þess eru t. b. og tvær handlaugar með þessum herbergjum.

Gangur ..... Hótelgangar: Gólf teppalögð. Veggir úr siporex og timbri, harðviðarklætt. Dempað loft.

Brunastigagangar: Veggir múraðir og málaðir. Stigi steypfir með terrasso.

Lýftur: ..... Tvær gestalyftur, ein þjónalyfta og tvær matarlyftur.

Búr, lín, ræsting, V.C. .... Gólf flísalögð með vynil flísum. Veggir keramikflísalagðir upp í loft. Loft úr spónaplötum, málaðar.



ATHUGASEMD

1. Dempað loft ..... Dempaðar aluminium plötur.
2. Vengi ..... Viðartegund.
3. Lýsing á hárgreiðslu og fót-  
snyrtistofu ..... Mun tilbúin sérstaklega.
4. Lýsing á eldhústækjum sem  
koma undir "Húsatryggingu" ..... Mun útbúin sérstaklega.
5. Kæliklefar:
  - a) Tilheyrandi eldhúsi ..... 1 frystiklefi, 2 kæliklefar og  
3 kæliherbergi.
  - b) Aðrir ..... 1 kæliklefi á gangi og 1 kæliherbergi.
6. Salernis/Hreinlætistæki ..... Á salernum v/ aðalrestaurant eru  
upphengd salerni með skol-byssum,  
skolskálar með automatisku skoli.  
Öll önnur salerni í húsinu eru með  
sambyggðum skolkassa. Í stærri  
herbergjum eru einnig p.t. skálar.
7. Lýsing á hita og loftræstingar-  
kerfi ..... Mun útbúin sérstaklega.
8. Lýsing á eldvarnarkerfi ..... Mun útbúin sérstaklega.
9. Lýsing á frystikerfi ..... Mun útbúin sérstaklega.
10. LÝSING Á ÚTVARPSKERFI, HATALARAKERFI,  
OC AÐÖLLUKERFI ..... MUN ÚTBÚIN SÉRSTAKLEGA.
11. LÝSING Á SKYGGI ..... MUN ÚTBÚIN SÉRSTAKLEGA

30. APRIL, 1966

*Dorvaldur Daniélfsson*  
Dorvaldur Daniélfsson

*Páll Flygvingur*  
Páll Flygvingur

*Páll  
Lýsingin á gölfum eru lokað  
með þessum myndum.*



FYLGISKJAL No. 3 VIÐ AÐAL-LÝSINGU Á

HÓTEL LOFTLEIÐIR dags. 30/4/66

1. Móttökuborð: Vengi, Gragrytisplata. Sérstakur útbúnaður á vegg fyrir innan móttökuborð.
2. Barborð og tilheyrandi.
3. Uppþvottur og eldhús 1. hæð: Borð og skápar ásamt kæli, hitaskápum, vöskum og eldavélum, hillum og kaffikönnum.
4. Bar 2: Samskonar innrétting og í veitingasal 2, barborð og tilheyrandi.
5. Gosbrunnur í anddyri við sundlaug.
6. Allt gler í hótelinu er tvöfallt.
7. Eldhús (sjá lið 4 á bls. 4 í aðallýsingu): Eldavél, 2 grill, salamander til þess að glóðar- og pönnusteikja, steikarapanna, glóðarsteikingarofn, rafmagnssteikarahella og við hlið hennar, viðarkolahlóðir. Hræri vél með tilheyrandi. Sög, rafmagns. 3 úrgangsmulningsvélur. Kartöfluvél.
8. Fótsnyrtistofa (sjá lið 3 á bls. 4 í aðallýsingu): Tilbúin 7. maí. Málaðir veggir. Hljóðdeyfiplötur í lofti. Handlaug. Gólf teppalagt. Hita og kælikerfi. Síma og hátalarakerfi. Forveggur er úr aluminium og gleri.
9. Skyggni (sjá lið 11 á bls. 4 í aðallýsingu): Skyggni er meðfram allri framhlið hótelsins, byggt 3 metra frá framhlið tengt við bygginguna þar sem inngangar eru. Undirstöður eru steyptar með 6 metra millibili, burðarstöðir 4 tommu rör með innbyggðum plast niðurföllum. Skyggnið sjálft er byggt upp af járngrind, klætt með plægðu timbri, síðan klætt með pappa í asfalt. Að neðan er tré grind klædd með teck panel. Floresent lampar eru inngreiptir í skyggnið eftir endilöngu að neðan í tveim rökum. Kantur skyggnisins er klæddur með eir (ókominn, verður eins og á skrifstofuhúsi.)
10. Efst á húsinu er innsteipt rennibraut hringinn í kring um húsið og er hún ætluð fyrir til þess gerðan vagn sem hægt er að vinna í við viðgerð og hreinsun á húsinu.
11. Rúmstæði og snyrtiborð í hótélherbergjum eru naglföst.

Rvk. 16. maí, 1966.



# RADIO & RAFTÆKJASTOFAN

9. maí 1966.

DIRECTORS:  
S. EGJESSON  
M. JOHANNESON

STA LÍÐ 10 ÁBLS. 4 : AÐALYSIÐGUA

P. O. BOX 735  
REYKJAVÍK - ICELAND  
PHONE 13712 & 18275  
CABLE -ROR-

LOFTLEIDIR H/F.,  
Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hr. fulltrúa Þorvaldar Daníelssonar, gefum vér yður eftirfarandi lýsingu á þeim mismunandi fjarskiptakerfum, er vér höfum átt þátt í uppsetningu á í Hotel Loftleidir:

1. ÚTVARPSKERFI :

- 3 100W. magnarar, a. F M viðtæki  
b. A M viðtæki  
c. segulbándaáspóluartæki, fyrir DITSBORN kasettur.  
120 hátalarar í herbergjum á samt 40 hátalaramsamstöðum hér og þar í byggingunni.

2. SJÓNVARPS- OG ÚTVARPS LOFTNETSKERFI:

Tengibúnaður er í öllum gestaherbergjum fyrir bæði sjónvarps- og útvarpstæki.

3. LEIÐUKERFI:

Í öllum gestaherbergjum og hjólarum.

4. KALLKERFI: (í reception)

Sérstakt magnarakerfi fyrir kalli frá 3 hljóðnemum, með ca. 25 kalliáseturum.

5. SAMTALSKERFI:

Möguleikar eru fyrir 25 aðalstöðvar, "allir v. allir"

6. MÚSIKKERFI í danssal með tilh. hljóðnemum og hátölurum.

7. MÚSIKKERFI í blómasal með tilh. hljóðnemum og hátölurum.



HÓTEL LOFTLEIÐIR.

SÍÐ LIÐI 7.8 OG 9 A BL. 4 Í AÐALLÝSINGU

Loftræsti- og hitunarkerfi.

Eitt loftræsti- og upphitunarkerfi er fyrir hótélherbergi, sem eru á 2., 3. og 4. hæð. Í blásaraklefa á 2. hæð tengi- byggingar er komið fyrir háþrýstiblásarasamstæðu, sem tekur útiloft og forhitar það, setur í það raka og eftirhitar það. Frá blásaraklefa er loftinu síðan dreift inn í hótélherbergin gegnum "induction unit" með hitara, þannig að sérhitastýring er í hverju herbergi. Útsög er einnig frá hverju hótélherbergi, og er loftið sogið út um þaðherbergið. Útsogsblásarar eru staðsettir á þaki. Brunavarnarlokur eru í loftstokkum samkvæmt kröfum eldvarnaeftirlitsins.

Annað loftræsti- og upphitunarkerfi er fyrir veitingasali á 1. hæð og eldhúsi í kjallara með blásaraklefa staðsettum í kjallara. Háþrýstikerfi er notað. Blanda af útilofti og re- turlofti fer í gegnum forhitaelement og kælielement, sem breyta hitastigi loftblöndunar eftir þörfum. Sérstök vatns- kælivél er höfð til þess að geta kælt loftið, þegar þess þarf. Frá blásaraklefa er loftinu dreift um 1. hæð og kjallara. Í veitingasölum eru eftirhitunarbox á hverju svæði, með sérhita- stýringu, en annars staðar á 1. hæð eru blásarasamstæður, sem geta hitað og kælt (í eldhúsi og hótélendyr) eftir þörfum. Í kjallara eru "induction unit" með hitara í flestum herbergjanna með möguleika á kælingu sums staðar. Útsogsblásarar fyrir eld- hús og salerni í kjallara og veitingasali er staðsettur á þaki og er þar einnig komið fyrir þéttielementi fyrir vatnskælivél- ina. Á þessu sama loftræstikerfi er einnig loftræsting fyrir þaðdeild og sundlaug í kjallara (og væntanlega flygafgreiðslu á 1. hæð), en gólfgeislahitun sér fyrir upphitun á þessum svæðum, svo og í öllum salernum í kjallara. Brunavarnarlokum er komið fyrir þar sem Eldvarnaeftirlitið hefur sagt til um.

Í þvottahúsi er sérstakt lofthitunar- og loftræstikerfi, sem ekki er í neinu sambandi við hin kerfi hótelsins. Útblásturs- kerfi er fyrir nokkrar vélar þvottahússins.

Þar sem hitaveituleiðslur koma inn í hótelið í kjallaranum eru stórar dælur, sem dæla hitaveituvatni um hótélbygginguna og skrifstofubygginguna. Snjóbræðslukerfi fyrir stöttar út af and- dyrum að austanverðu er einnig tengt í þessum dæluklefa.

Kæli- og frystikerfi.

